

378. fundur.

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund föstudaginn 10.september 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Dagný Þórisdóttir, formaður
Eybór Benediktsson,
Hilmar Halvarðsson, varamaður
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.

Formaður setti fund og fól bæjarstjóra fundarstjórn.

1. Viðræður við Róbert A. Stefánsson.
Róbert A. Stefánsson forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands gerði grein fyrir möguleika á stofnun seturs Háskóla Íslands í Stykkishólmi. Ákveðið að tilnefna í undirbúningsnefnd á næsta bæjarstjórnarfundi.
2. Fundargerðir nefnda.
 - 2.1. Fræðslunefnd, dags. 8.9.2004.
Fundargerð framlögð og samþykkt. Varðandi mötuneyti við Grunnskóla Stykkishólms engin ákvörðun hefur verið tekið, en unnið er að málinu.
 - 2.2. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 8.9.2004.
Fundargerð lögð fram. Liður 1,2,3,4,5,6,7,9,10,11,12 og 16 samþykktir, lið 16 er vísað til fjárhagsáætlunargerðar næsta árs. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.
 - 2.3. Skólanefnd Tónlistarskóla, dags. 30.8.2004.
Fundargerð framlögð.
3. Aðrar fundargerðir.
 - 3.1. 147. stjórnarfundur Eflingar Stykkishólms, dags. 7.9.2004
 - 3.2. 51. fundur Breiðafjarðarnefndar, dags.9.8.2004.
Fundargerðir framlagðar. Bæjarstjóra falið að svara Breiðafjarðarnefndar varðandi aðalskipulags Breiðafjarðar.
4. Kaup á Hafnargötu 7.
Afgreiðslu frestað.
5. Lóðarumsóknir um íbúðarhúsalóðir.
 - a. Stefán Ólafsson, Silfurgötu 19 sækir um Hjallatanga 30.
 - b. Bárður Eyþórsson, Silfurgötu 33 sækir um Hjallatanga 30.
Samþykkt að veita Stefáni Ólafssyni lóðina að Hjallatanga 30, þar sem umsókn Stefáns barst fyrir.
 - c. Baldur Ragnarsson, Byggðarendi í Flatey sækir um Hjallatanga 34.
Samþykkt að veita Baldri Ragnarssyni lóðina að Hjallatanga 34.
 - d. Heimir L. Jóhannsson, Víkurgötu 5 (Hjallatangi 38).
Ekki hægt að úthluta lóðinni að Hjallatanga 38, þar sem þessi lóð er ekki tilbúin til úthlutunar.
6. Umsókn um lóð undir sjálfsafgreiðslubensinstöð.
Umsókn Atlantsolíu hefur verið vísað til skipulags- og byggingarnefndar, einnig er umsóknin vísað til hafnarnefndar.

7. Bréf frá sviðsstjóra lögfræðisviðs SÍS um verkfallsboðun kennara, dags.03.09.2004.
Bréfið framlagt.
8. Byggðakvóti, sbr. Tilkynningu sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 16.08.2004.
Bæjarstjóra falið að sækja um byggðakvóta fyrir hönd Stykkishólmsbæjar.
9. Kattahald.
Lagt til að gjaldskrá og reglugerð um kattahald í Stykkishólmi fari til fyrri umræðu í bæjarstjórn.
10. Þjónusta gámastöðvarinnar “Snoppu”.
Bæjarstjóra falið að ræða við verktaka um breyttann opnunartíma.
11. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2004 1. og 2. nóvember 2004.
Bréf framlagt.
12. Bréf formanns Golfklúbbsins Mostra, dags. 23.08.2004.
Bréf framlagt, þar sem bæjarstjórn og bæjarstjóra er boðið í 20 ára afmæli klúbbsins. Samþykkt afhenda Golfklúbbum Mostra gjöf.
13. Bréf fjárlaganefndar Alþingis, dags. 04.09.2004.
Bréf framlagt.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:25.

Þór Örn Jónsson bæjarritari